

Forsætisráðuneytið

Mál nr. 173/2021

*EFNI: Umsögn Fræðagarðs, stéttarfélags háskólamenntaðra, vegna máls nr. 173/2021:*

*Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa.*

Fræðagarður er félag þeirrar gerðar sem umfaðmar fjölbreytileikann, bæði í formi fjölbreytilegrar menntunar á háskólastigi og fjölbreytni í störfum. Við erum með félagsfólk sem telur nú á 4. þúsund. Meirihlutinn er skipaður konum sem vinna fjölbreytt störf hjá ríki, sveitarfélögum og á einkamarkaði. Launasetning okkar fólks er ekki alltaf byggð á málefnalegum rökum, ekki einu sinni þótt félagsfólk starfi hjá sömu stofnun ríkisins. Við vinnum störf sérfræðinga. Sérfræðingar (generalistar) sinna mjög fjölbreyttum störfum sem einstök launakerfi ná misjafnlega vel utan um. Ekkert þó síður en starfsmat sveitarfélaga (SAMSTARF), sem grunnraðar starfsfólki í okkar röðum lágt og mismunar eftir kyni í yfirlaunasetningu. Okkar fólk sinnir hefðbundum kvennastörfum en fyrst og fremst störfum þar sem þau þurfa að sýna frumkvæði, skapandi hugsun og búa yfir þekkingu sem er verðmæt fyrir samfélagið í heild.

Við þökkum fyrir skýrsluna en teljum mikið starf enn óunnið í því að vinna að launajafnrétti.

Bragi Skúlason

formaður Fræðagarðs